

## Veiðileyfajól



Við Halldór Hlíðarvatnsnefndarformaður skruppum í eftirlitsferð í Hlíðarvatn einn dimman og blautan sunnudagmorgun í desember. Allt var með kyrrum kjörum í roki og rigningu, sjaldséð veðurbrigði við vatnið góða. Grjót hafði hrunið úr hlíðinni og lá hér og þar á veginum, vatnsstaðan há eftir rigningartíð síðustu vikna og flundrufyrirstaðan á sínum stað. Fullt af skarfi og fiskiöndum við Kaldósinn, það þýðir bara eitt: fiskur! Við sáum svo um munar í sumar að Hlíðarvatn er nú aldeilis ekki dautt úr öllum æðum, vel haldinn fiskur var út um allt vatn eftir áralanga niðursveiflu. Það rifjast upp fyrir mér frasi úr Forrest Gump um lífið sjálf: „Life is like a box of chocolates, you never know what you’re gonna get“. Hlíðarvatn, og stangveiðin almennt, er svolítið þannig, þú mætir og veist aldrei hvaða mola þú færð. Mistikin yfir Hlíðarvatni mun svífa yfir því um ókomna tíð, sem betur fer. Við getum borið fyrir okkur skýringar misvitra sérfræðinga um ástand vatnsins og ytri aðstæður eins og hlýnun jarðar (sem er víst bara lygi samkvæmt Trump), einhverjum bleikjusýkingum, flundru og guð má vita hvað en þegar öllu er á botninn hvolf munum við líklegast aldrei fyllilega skilja duttlunga náttúrunnar.

Nú eru jólin að breyta á. Og það þýðir bara eitt, eða þannig: Veiðileyfaúthlutun Ármanna er framundan! Stjórnin ákvað eftir dræmar undirtektir í síðustu úthlutun að minnka framboð veiði-



svæða til muna. Hlíðarvatn er að sjálfsgöngu á sínum stað, vert er að minna á reglur um forgang umsókna og stigagjöf í úthlutun veiðileyfa sem getið er um hér í blaðinu. Ætla má að mikið verði sótt um í Hlíðarvatni þannig að gott er að hafa þessara reglur í huga við útfyllingu umsóknanna. Ármenn eru sem fyrr með samning um veiði í Framvötnunum þar sem nægir að framvísa félagsskirteininu í Landmannahelli. Silunga- og laxasvæði Fossár eru einnig í úrvali ársins ásamt Laugardalsá. Stjórn Ármanna óskar félagsmönnum gleðilegra jóla, farsæls komandi veiðiárs og heilla í veiðileyfaumsóknum.

# VEIÐIVÖRUR, VEIÐISVÆÐA- KYNNING OG AÐVENTUKVÖLD



Þann 22. nóvember kom góðvinur okkar Árni í Árvík í Árósa og kynnti fyrir okkur sitthvað af því sem Árvík hefur upp á bjóða. Árvík þekkjum við Ármenn vel og vitum að þar eru gæðavörur á ferðinni. Meðal annars talaði Árni um nýjar línur sem forvitnilegt verður að prufa næsta sumar. Duttu svo einhverjir í lukkupottinn þegar Árni veiddi nokkur nöfn upp úr hattinum. Góðar vörur á góðu verði. Þökkum við Árna fyrir innlitið.

Ármenn héldu veiðisvæðakynningu eitt síðkvöld í lok nóvember. Kynnt voru svæði sem við ætlum að bjóða uppá í veiðileyfaúthlutun næsta árs. Guðmundur Atli kom og kynnti fyrir okkur Fossá í Þjórsárdal en hún er einhverjum Ármönnum að góðu kunn. Þar ku vera hinn ágætasta urriða og laxveiði og fór Guðmundur yfir nokkra staði, aðgengi og hvernig skyldi bera sig að við veiðarnar.



Áin skiptist í silungasvæði annars vegar og laxasvæði hins vegar og liggja mörkin við hinn geysifagra Hjalparfoss sem er ólaxgengur. Ofan við fossinn er urriðaveiði góð og nær það svæði alla leið upp að Háafossi. Ákaflega tilkomumikið svæði sem vert er að veita at-  
hygli.

Þökkalegasta mæting var á viðburðinn og endaði kynningin svo með því að tveir heppnir Ármenn voru dregnir upp úr lukkuhattinum og hljóta veiðileyfi fyrir tvo á silungasvæðinu næstkomandi sumar.

Viku seinna var svo efnt til aðventufagnaðar í Árósum. Að venju mætti Árni formaður með jólasúkkulaðið sitt og húsnefndin sá um að engin færi heim með tóman maga frá þessari samkomu. Eiga þeir þakkir skildar fyrir. Eins og venjulega var hápunktur kvöldsins upplestur og kom Úlfar Finnbjörnsson kokkur með endurútgáfu af villibráðarbók sinni. Bók sem allir ættu að eiga og nú er kominn viðbótarkafli með fiskfangi sem gerir þetta hinn eigulegasta grip fyrir Ármenn. Úlli kom einnig færandi hendi og leyfði viðstöddum að smakka góðgæti sem hann hafði útbúið. Það var bleikja, skorin í bita og látin marinerast í ediki, ólífuolíu, sítrónusafa og hvítvíni í 20-60 mínútur. Því næst voru bleikjubitarnir sigtaðir frá marinerungunni og settir í teryakisósu eða klettasalatspestó. Báðar útgáfur verða svo sannarlega prófaðar á bakkanum næsta sumar. Þá steig Eyþór Árnason skáld og veiðimaður á stökk og las nokkur vel valin ljóð sem fyllti viðstadda andagift og svona rétt til að koma mönnum niður á jörðina. Hin besta skemmtun og eiga þessir heiðursmenn þakkir skildar.

Sem sagt nóg um að vera hjá okkur í Árósum þetta haustið og hvetjum við alla Ármenn til að fylgjast með dagskránni á nýju ári.

**JOAKIM'S**  
**MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA**  
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR  
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.  
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖBLUR  
ALLTAF GOTT VERÐ  
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651

**Stjórn Ármanna auglýsir eftir tveimur aðilum í stjórn félagsins. Samkvæmt 14. grein í 4. kafla í lögum Ármanna ber að auglýsa eftir fólki til setu í stjórn félagsins fyrir 15. janúar. Þar stendur: Tillögur til lagabreytinga og stjórnarkjörs skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 15. janúar.....**

**Að því sögðu hvetjum við alla þá sem hafa gaman af að skipta sér af eða telja sig geta bætt gott félag með setu í stjórn að setja sig í samband við stjórn.**

**Stjórnin.**



# Veiðileyfi Ármanna 2017

Í þessu blaði er fram borið það úrvall veiðileyfa sem Ármenn bjóða sumarið 2017. Að sjálfsögðu verður reynt að uppfylla allra óskir en óhjákvæmilega kemur fyrir að fleiri en einn félagsmaður vilji fá sama daginn. Þetta á einkum við fyrri hluta sumars í Hlíðarvatni, maí og júní, og fram í miðjan júlí, þegar allt að sex umsóknir berast um sömu helgina.

Til að auðvelda úthlutunarstörfin og vinna þau á sanngjarnan hátt var kerfið með ABCD-bókstafsmerkingu umsókna innleitt. Samkvæmt því fær félagsmaður sem sækir um tiltekinn veiðidag í A-reit á umsóknarblaði sínu meiri rétt til úthlutunar en sá sem sækir um sama dag í B-reit o.s.frv.

Sterkast er að senda inn hópumsókn. Þá sækja tveir eða fleiri um sama daginn, merkja við að um hópumsókn sé að ræða og vísa hver í annan. En hópumsóknir hafa mismunandi forgang og því þarf að setja nánari reglur þegar úthlutað er þeim dögum sem mest er sóst eftir.

Forgangur umsókna er metinn með því að gefa hverri umsókn stig. Þegar þrjár stangir eru seldar saman, líkt og í Hlíðarvatni, eru aðeins taldar þrjár umsóknir. Umsóknin verður ekki sterkari við að senda inn fleiri umsóknir en sem nemur þeim fjölda stanga sem sótt er um. Hins vegar getur einn umsækjandi sótt um fleiri en eina stöng.

## Almennar reglur um forgang

- A-umsókn: 5 stig
- B-umsókn: 3 stig
- C-umsókn: 2 stig
- D H - umsókn: 1 stig
- Hópumsókn: 1 stig til viðbótar

Samkvæmt þessari reglu verður umsóknum raðað í forgangsörð í fyrsta lagi eftir stigum og í öðru lagi þannig að á jöfnum stigum nýtur umsókn með bókstaf framar í stafrófi forgangs:

- 16 stig AAA
- 14 stig AAB
- 13 stig AAC,
- 12 stig AAD, ABB
- 11 stig AA, ABC
- 10 stig ABD, ACC, BBB;
- 9 stig ACD, AB, BBC;
- 8 stig ADD, AC, BBD, BCC;
- 7 stig AD; BB, BCD; CCC;
- 6 stig BDD, BC, CCD
- 5 stig A; BD; CDD; CC
- 4 stig CD; DDD;
- 3 stig B; DD;

## VARÐANDI HLÍÐARVATN

ÞEIR ÁRMENN SEM SENDA INN HÓPUMSÓKN UM DAG Í HLÍÐARVATNI VERÐA AÐ SENDA INN AÐSKYLDAR UM-SÓKNIR MEÐ VÍSUN Í NÚMER VEIÐIFÉLAGA SINNA, ANN-ARS TELST HÚN EKKI HÓPUMSÓKN!

Vinsamlegast kynnið ykkur úthlutunarreglurnar vel og vandið umsóknir ykkar sem best. Tilgreinið daga til vara ef unnt er. Það auðveldar starf úthlutunarnefndar að koma til móts við óskir allra á sanngjarnan hátt.

## Veiðisvæði Ármanna 2017

Skilalok veiðileyfaumsókna er föstudagurinn 13.janúar 2017.

Þau holl og dagar sem ekki seljast í úthlutun munu verða sett í sölu á leyfi.is eða þá að leigutakar leysa þau til sín.

Ármenn veiða eingöngu á flugu á þeim veiðisvæðum sem félagið selur veiðileyfi á. Þetta á einnig við um þau svæði sem eru í um-boðssölu burtséð frá öðru leyfðu agni á viðkomandi svæði.

Þar sem sums staðar er vísað í Áróð undanfarinna ára, er af gefnu tilefni bent á, að hann er aðgengilegur á heimasíðu Ármanna [www.armenn.is](http://www.armenn.is) frá árinu 2001.

## Yfirlit um svæði

1. Hlíðarvatn í Selvogi –bleikja
2. Vötnin sunnan Tungnaár –bleikja og urriði
3. Laugardalsá - laxveiði
4. Fossá - silungasvæði
5. Fossá - laxasvæði

## Hlíðarvatn í Selvogi

Staðsetning: Í Selvogi, milli Krýsuvíkur og Þorlákshafnar. Vegalengd frá Elliðaárbrúm er rúmlega 60 km um Þrengsli en 55 km um Krýsuvík.

**Veiðisvæði:** Allt vatnið, en hólarnir við Stakkavík, vestanvert í vatninu eru friðaðir á varptíma fugla. Marshefti Áróðs 2009 var sérstaklega helgað vatninu og á heimasíðu Árvíkur ([www.arvik.is](http://www.arvik.is)) undir Veiðistaðalýsingar, má finna mikinn fróðleik.

**Stangafjöldi:** Veitt er á þrjár stangir og eru þær seldar saman, einn dag í senn.

**Veiðitímabil:** 2. maí – 30. september.

### ATH. að sunnudagur 11. júní er frátekin fyrir Hlíðarvatnsdaginn!

**Veiðitími:** Veiðimenn mega hefja veiðar kl. 18:00 kvöldið fyrir skráðan veiðidag og ljúka þeim sólarhring síðar eða kl. 18:00 skráðan veiðidag. Að öðru leyti er veiðitími frjáls. Verutíminn í Hlíðarseli er sá sami.

**Leyfilegt agn:** Fluga. Nefna má Peacock, Krók, Alexöndru, Alder, Butcher, Kardínala og Flæðarlús.

**Veiðihús:** Hlíðarsel stendur undir hlíðinni vestanverðri, upp af Botnavík. Þar er snyrting, tvö herbergi með tveimur kojum hvort, svefnloft, eldhúsbekkur með gashelli, borðbúnaði og áhöldum, forstofa og úti-gasgrill. Taka þarf með sér rúmfatnað/svefnpoka, bordtuskur og viskastykki. Lyklar að húsi hanga við dyrnar. Veiðimenn kvitti fyrir veru sína við vatnið í gestabók.

**Reglur:** Húsinu skal skila hreinu til næstu veiðimanna eigi síðar en kl. 18:00 á skráðum veiðidegi og taka með sér allt rusl. Athugið að lausaganga hunda við vatnið er stranglega bönnuð og séu hundar hafðir í húsinu mega þeir einungis dvelja í forstofurými. Bannað er að vera með báta á vatninu, en bumbubátar eru leyfðir með því skilyrði að ekki sé veitt á þeim innan við 50 metra frá veiðimönnum sem veiða frá landi. Bumbubátar eru bannaðir í Botnavík.


**Veiðikort:** Liggur frammi í veiðihúsi og á <http://www.armenn.is/skjol/Almenn/hlidarvatn.jpg>.

**Veiðibók:** Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá allan afla. Menn eru vinsamlegast beðnir að skrá þar nöfn sín, en ekki einungis félagsnúmer.

**Veiðiumsjón:** Hlíðarvatnsnefnd, símanúmer hanga á vegg í veiðihúsinu.

## Hlíðarvatn 2017

Tími	Dagar	Stangir	Verð/stöng/dag
maí, júní	virkir	3	5500
maí, júní	helgir	3	6500
júlí, ágúst, september	virkir	3	2500
júlí, ágúst, september	helgir	3	4500



Árósar, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, www.armenn.is

## Umsókn veiðileyfa 2017

Félagsnúmer: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_

Staður \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_

Tölvupóstur: \_\_\_\_\_

### Umsókn

Hópumsókn _____	A
Veiðisvæði _____	
Stangafjöldi _____ Dagar _____	
Veiðifélagar: Nr. _____ Nr. _____ Nr. _____	
Athugasemdir: _____	

Hópumsókn _____	B
Veiðisvæði _____	
Stangafjöldi _____ Dagar _____	
Veiðifélagar: Nr. _____ Nr. _____ Nr. _____	
Athugasemdir: _____	

Hópumsókn _____	C
Veiðisvæði _____	
Stangafjöldi _____ Dagar _____	
Veiðifélagar: Nr. _____ Nr. _____ Nr. _____	
Athugasemdir: _____	

Hópumsókn _____	D
Veiðisvæði _____	
Stangafjöldi _____ Dagar _____	
Veiðifélagar: Nr. _____ Nr. _____ Nr. _____	
Athugasemdir: _____	

Hópumsókn _____	E
Veiðisvæði _____	
Stangafjöldi _____ Dagar _____	
Veiðifélagar: Nr. _____ Nr. _____ Nr. _____	
Athugasemdir: _____	

### Fyrir úthlutunarnefnd

Stangafjöldi _____
Dagar _____
Verð á stöng kr. _____
Verð samtals kr. _____


Stangafjöldi _____
Dagar _____
Verð á stöng kr. _____
Verð samtals kr. _____

Stangafjöldi _____
Dagar _____
Verð á stöng kr. _____
Verð samtals kr. _____

Stangafjöldi _____
Dagar _____
Verð á stöng kr. _____
Verð samtals kr. _____

Stangafjöldi _____
Dagar _____
Verð á stöng kr. _____
Verð samtals kr. _____

Hefur þú veitt í vötnunum sunnan Tungnaár? Já\_\_ Nei\_\_ Samtals kr. \_\_\_\_\_



Árósar, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, www.armenn.is

## Umsókn veiðileyfa 2017

Félagsnúmer: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_

Staður \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_

Tölvupóstur: \_\_\_\_\_

Umsókn

Hópumsókn \_\_\_\_\_ **F**  
Veiðisvæði \_\_\_\_\_  
Stangafjöldi \_\_\_\_\_ Dagar \_\_\_\_\_  
Veiðifélagar: Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_  
Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Fyrir úthlutunarnefnd

Stangafjöldi \_\_\_\_\_  
Dagar \_\_\_\_\_  
Verð á stöng kr. \_\_\_\_\_  
Verð samtals kr. \_\_\_\_\_

Hópumsókn \_\_\_\_\_ **G**  
Veiðisvæði \_\_\_\_\_  
Stangafjöldi \_\_\_\_\_ Dagar \_\_\_\_\_  
Veiðifélagar: Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_  
Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Stangafjöldi \_\_\_\_\_  
Dagar \_\_\_\_\_  
Verð á stöng kr. \_\_\_\_\_  
Verð samtals kr. \_\_\_\_\_

Hópumsókn \_\_\_\_\_ **H**  
Veiðisvæði \_\_\_\_\_  
Stangafjöldi \_\_\_\_\_ Dagar \_\_\_\_\_  
Veiðifélagar: Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_  
Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Stangafjöldi \_\_\_\_\_  
Dagar \_\_\_\_\_  
Verð á stöng kr. \_\_\_\_\_  
Verð samtals kr. \_\_\_\_\_

Hópumsókn \_\_\_\_\_ **I**  
Veiðisvæði \_\_\_\_\_  
Stangafjöldi \_\_\_\_\_ Dagar \_\_\_\_\_  
Veiðifélagar: Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_  
Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Stangafjöldi \_\_\_\_\_  
Dagar \_\_\_\_\_  
Verð á stöng kr. \_\_\_\_\_  
Verð samtals kr. \_\_\_\_\_

Hópumsókn \_\_\_\_\_ **J**  
Veiðisvæði \_\_\_\_\_  
Stangafjöldi \_\_\_\_\_ Dagar \_\_\_\_\_  
Veiðifélagar: Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_ Nr. \_\_\_\_\_  
Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Stangafjöldi \_\_\_\_\_  
Dagar \_\_\_\_\_  
Verð á stöng kr. \_\_\_\_\_  
Verð samtals kr. \_\_\_\_\_

Hefur þú veitt í vötnunum sunnan Tungnaár? Já\_\_ Nei\_\_ Samtals kr. \_\_\_\_\_

# Vötnin sunnan Tungnaár

**Staðsetning:** Vatnaklasi á Landmannafrétti í um það bil 170 km fjarlægð frá Reykjavík, norðan og austan við Heklu.

**Veðisvæðið:** Fjölbreytileg vötn sem gefa bæði bleikju og urriða. Þekktust vatnanna eru trúlega Frostastaðavatn og Löðmundarvatn.

Um vötnin og aflabrögð í þeim má lesa í viðtali við Örn Danielsen, sem birt er í desemberhefti Áróðs 2008 og grein eftir Olgeir Benediktsson í Nefsholti í maíhefti Áróðs 2009. Auk þess er fróðleikur á heimasíðu Ármanna og á fos.is.

**Veidítímabil:** Veitt er frá því fært er í vötnin um miðjan júní og fram í september, eða meðan ferðabjónustan er opin í Landmannahelli. Utan þess tíma er hægt að fá gistingu eftir því sem færð og veður leyfir.

**Stangafjöldi:** Ótakmarkaður.

**Leyfilegt agn:** Hér veiða Ármenn á flugu.

**Veidihús:** Í Landmannahelli eru skálar í nokkrum stærðum þar sem góð aðstaða er til gistingar í svefnpoka. Húsin eru með upphitun, rennandi vatni, eldunaraðstöðu, vatnssalerni og útigri. Einnig er við Landmannahelli svæði fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla.

Á vefsíðunni [www.landmannahellir.is](http://www.landmannahellir.is) eru allar upplýsingar um aðstöðuna. Pantanir og fyrirspurnir í síma 893-8407 eða [info@landmannahellir.is](mailto:info@landmannahellir.is).

**Reglur:** Félagsskírteini Ármanna fyrir árið 2017 gildir sem veiðileyfi í öll vötnin. Ármenn skulu framvísa félagsskírteini í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skila skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu.

**Umsjón:** Skálaverðir í Landmannahelli. Upplýsingar um veiðisvæðið og aflatölur má sjá á slóðinni <http://www.veidivotn.is/>.

## Laugardalsá, laxveiði

**Staðsetning:** Laugardalsá er ein albasta laxveiðiá Vestfjarða. Vegalengd frá Reykjavík er um 360 km. 9 ára meðalveiði hennar er 380 laxar, veiðin 2015 var 521 lax og tölurverð urriðaveiði er á svæðinu líka.

**Veðisvæðið:** Frá fjöru til fjalla og öll vötnin á milli.

**Stangafjöldi:** Veitt er á 2-3 dagstangir, tvær tangir fyrri og seinni hluta sumars en þrjár tangir um miðbik sumars.

**Veidítímabil:** 15. júní til 15. september.

**Veidítími:** 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti)

**Leyfilegt agn:** Fluga.

**Veidihús:** Rúmgott veiðihús fylgir veiðileyfunum. Í húsinu eru 3 herbergi, gistiþláss er fyrir 7 manns. Húsið var byggt 1971 og hefur staðist tímans tönn, skipt hefur verið um eldhús en frekari endurbóta á húsinu er að vænta.

**Reglur:** Öllum laxi yfir 70 cm skal sleppt í ána aftur, kvóti 1 lax á stöng á dag.

**Veidikort:** Nýtt veidikort er í vinnslu og verður tilbúið síðar í vetur

**Veidibók:** Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi.

**Veidiumsjon:** Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

### Laugardalsá 2017 laxveiði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
4. - 6. júlí	2	3	60000
9. - 12. september	3	2	45000
12. - 15. september	3	2	45000

## Fossá, silungasvæði

**Staðsetning:** Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akstur frá Reykjavík.

**Veðisvæðið:** Öll áin ofan Hjalparfoss að Háafossi auk Rauðár, staðbundinn urriði og bleikja.

**Stangafjöldi:** Veitt er á 2 tangir, einn dag í senn.

**Veidítímabil:** 1. maí – 30. september

**Veidítími:** 7-13 og 16-22 eða 12 klst á dag eftir behag.

**Leyfilegt agn:** Fluga.

**Veidihús:** Ekkert

**Reglur:** Öllum fiski skal sleppt.

**Veidibók:** Senda skal aflatölur á [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is)

**Veidiumsjon:** Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

### Fossá 2017 silungsveiði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. maí - 30. september	1	2	10000

## Fossá, laxasvæði

**Staðsetning:** Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akstur frá Reykjavík.

**Veðisvæðið:** Áin neðan Hjalparfoss niður að ármótum við Þjórsá.

**Stangafjöldi:** Veitt er á 2 tangir, einn dag í senn.

**Veidítímabil:** Júlí - September.

**Veidítími:** 7-13 og 16-22 eða 12 klst á dag eftir behag.

**Leyfilegt agn:** Fluga.

**Veidihús:** Ekkert

**Reglur:** Öllum fiski skal sleppt.

**Veidibók:** Senda skal aflatölur á [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is)

**Veidiumsjon:** Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

### Fossá 2017 laxveiði

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. - 31. júlí	1	2	25000
1. - 14. ágúst	1	2	30000
15. - 31. ágúst	1	2	35000
1. - 30. september	1	2	40000

## Munið að síðasti skiladagur veiðileyfaumsókna er föstudagurinn 13. janúar 2017.

Athygli félaga er vakin á því að ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu veiðileyfis fyrir 1. mars 2017 skoðast það veiðileyfi sem laust til endursölu.

Árgjöld 2017 munu birtast í heimabanka félagsmanna í janúar-byrjun. Stjórn minnir á að greiða þarf árgjöld fyrir afgreiðslu veiðileyfa.





Háifoss, efsti veiðistaður á silungasvæðinu í Fossá.  
Þriðja myndin: Gilið í Fossá, stórbrotið veiðisvæði.

# Siðareglur Ármanna

Ármaður virðir:

Íþrótt,  
Bráð,  
Land og  
Annann mann

Reglurnar eru aðeins gagnorð lýsing, við hæfi full-  
orðinna,

á kurteisi veiðimannsins og ber að túlka þannig:

- Ármaður, sem veiðir eingöngu á flugu, metur íþrótt  
umfram aflamagn. Hann hlítir veiðireglum í hvívetna,  
er hófsamur í veiði og fer vel með feng.

- Hann ræðir af háttvísi um veiðibráð,  
fer með gát að öllu lífi, nýtur veru sinnar  
við veiðivatn og skilur ekki eftir  
annað en sporin sín.

- Ármaður deilir veiðigleði með félögum sínum,  
berst lítt á við veiðiskap  
og er hæverskur áhorfandi.

- Ármaður gengur frá veiðihúsi hreinu,  
virðir vel bónda  
og lokar hliðinu á eftir sér.

*Scott*  
margverðlaunadar flugustangir



[www.arvik.is](http://www.arvik.is)

## Þorrablót, þorrablót, þorrablót!

Ármenn halda alltaf þorrablót og ætlum við ekki að byrja á því að bregða út af vananum þetta árið. Við ætlum að syngja, éta, drekka og skemmta okkur og öðrum ásamt því að verða fyrir skemmtiatriðum annarra. Við höldum blótið okkar laugardaginn 21. janúar og verður það að vanda í félagsheimili okkar Árósum. Alltaf er fullt hús og auðvitað verður svo áfram.

Hægt verður að skrá sig á þar til gert skráningareyðublað sem staðsett verður í Árósum en einnig er hægt að senda tölvupóst á [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is) með nöfnum og fjölda.



# Vetrardagskrá í Árósum

## Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22

Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Ef ekkert er á dagskrá þá er kaffi á könnunni og maður er manns gaman.

## Auglýstir viðburðir

- |             |   |
|-------------|---|
| 9. Jan      | Skegg og skott - Kúlupúpur                      |
| 13. Jan     | Veiðileyfaskil                                  |
| 21. Jan     | Þorrablót                                       |
| 23. Jan     | Skegg og skott og veiðileyfaafhending           |
| 8. Feb      | Veiðigræjukynning og happdrætti í boði Joakim's |
| 1. Mar      | Viðhaldskvöld - vöðlur, línur, stangir og hjól. |
| 8. Mar      | Aðalfundur                                      |
| 5. Apr      | Flóamarkaður                                    |
| 22. Apr     | Vorblót   |
| 29.-30. Apr | Hreinsunarhelgi                                 |

Ýmislegt fleira er í deiglu í vetur.  
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í  
Áróði og á heimasíðu Ármanna [www.armenn.is](http://www.armenn.is)

## Stjórn Ármanna býður nýja félagsmenn velkomna

885 Kristinn Þór Jónsson  
886 Eggert Ingi Jóhannesson

887 Jón Ingvar Gunnarsson  
888 Filip Woolford

889 Pétur Björn Pétursson  
890 Hafþór Óskarsson



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.  
[wurth@wurth.is](mailto:wurth@wurth.is)  
[www.wurth.is](http://www.wurth.is)  
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5  
210 Garðabæ  
Bildshöfða 16  
110 Reykjavík  
Freyjunesi 4  
603 Akureyri

**ARMENN**  
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051  
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson  
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. [www.armenn.is](http://www.armenn.is) / [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is)